



## Seyrustjórn

13. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, miðvikudaginn 13. september 2023 kl. 12:30.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógarbyggðar

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi, kom inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

### 1. Staða hreinsunar.

*Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi seyruverkefnisins, fer yfir stöðuna á hreinsuninni. Þann 12. september var búið að hreinsa 1.218 rotþrær, ekki var hægt að hreinsa 142 rotþrær svo samtals er búið að fara í 1.360 rotþrær. Áætlaður fjöldi ársins eru 2.400 rotþrær sem þýðir að eftir að að fara í um 900 rotþrær. Í dag er verið að ná að hreinsa um það bil 30-45 þrær daglega svo gera má ráð fyrir allt að 35 vinnudögum sem þarf til að klára hreinsun ársins.*

### 2. Landgræðslugirðing.

*Drög að samningi um landgræðslusvæði á Hrunamannafrétti/Tungufelli lagður fram til kynningar og stjórn gerir ekki athugasemdir við samninginn. Stjórn samþykkir að gerð verði drög að samstarfssamningi um landgræðslugirðinguna á milli Seyruverkefnisins og Hrunamannahrepps um kostnaðarþáttöku verkefnisins í samræmi við bókun á 10. fundi stjórnar seyruverkefnisins.*

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi, yfirgefur fundinn.

Guðjón Bragason, lögfræðingur, kom inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

### 3. Rekstrarform.

*Guðjón fer yfir þau atriði sem snúa að hvaða möguleikar liggi fyrir í rekstrarformi til framtíðar samkvæmt niðurstöðum greinagerðar dagsetta 14. júlí 2023 og unnin af honum. Umræður um mismunandi rekstrarform og kosti og galla þess samkvæmt greinagerðinni. Fulltrúum falið að kynna greinagerðina í sveitastjórnnum sínum og taka til umræðu. Stjórn telur að valið standi á milli þess að færa verkefnið inn í UTU bs., stofna nýtt byggðasamlag eða stofna ehf.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:50.